

Vilhjálmur Egilsson og
Gunnar Jakobsson
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 1998

Frumvarp breytingar lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, 279 mál.


Samtök iðnaðarins vilja leggja til við efnahags- og viðskiptanefnd að frumvarpi til breytinga á þungaskatti verði vísað frá, en frumvörp um breytingar á bifreiðagjaldi og vörugjaldi verði afgreidd frá nefndinni.

Nú síðustu daga höfum fregnað að verið sé að skoða ýmsar undanþágur og sértækar breytingar á þungaskatti fyrir þá örfáu bíla sem ekið er meira en 90.000 km á ári, eftirvagna, krana og hugsanlega fleiri. Ennfremur hafa verið til skoðunar hugmyndir um niðurfellingu fastagjalds og að í staðinn komi til hækkun á kílómetragjaldi. - Viljum við mjög eindregið vara við að gripið verði til sértækra undanþága og frávíka. Afleiðingar slíkra breytinga geta gert það að verkum að nauðsynlegt verði að taka löginn enn einu sinni til endurskoðunar á vorþingi.

Eina breytingin á þungaskatti sem er réttlætanleg er viðbót við staflíði a) og c) í 1. grein: *og heimilt er að aka á vegum.* – Með þessari breytingu er verið að leiðrétta það óréttlæti sem felst í álagningu þungaskatts á námabifreiðar (búkollur), sem vegna stærðar sinnar og búnaðar mega einungis athafna sig á lokuðum vinnusvæðum utan vegakerfis

Við teljum réttast að fresta umræðu um hækkanir og sértækar breytingar fram yfir áramót og vinna þá breytingarnar við sómasamlegar aðstæður.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins



Árni Jóhannsson